

Ed.

108. Nefndarálit

[4. mál]

um frv. til laga um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Henni bárust umsagnir um málið frá skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Frumvarp þetta er miðað við það að samræma lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum ákvæðum laga, er sett voru á síðasta þingi um Stýrimannaskólann í Reykjavík, þannig að starfshættir skólanna verði með sama sniði og að þeir veiti báðir fullnægjandi fræðslu til að standast fiskimannapróf og farmannapróf 1. og 2. stigs.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétti, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhaldi, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttum, einkum, sundi. Þá skal leitast við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvors stigs eða ef henta þykir í einstökum greinum í lok hvers námsáfanga (annar), og skulu gefin út prófskírteini fyrir hvort stig. Prófskírteini við próf 2. stigs skulu gefin út á íslenzku, ensku og dönsku.

3. Við 9. gr. 2. málsg. orðist svo:

Heimilt skal skólastjóra, að veita manni leyfi til að ganga undir inntöku-próf, þótt hann hafi ekki stundað nám í undirbúningsdeild, sbr. 5. gr.

Alþingi, 23. nóv. 1972.

Ragnar Arnalds,
form.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr., frsm.

Steingrímur Hermannsson.

Benóný Arnórsson.

Auður Auðuns.

Jón Árm. Héðinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.